



NÁTTÚRUSTOFA  
SUÐAUSTURLANDS

# Ársskýrsla 2017



© 2018 Náttúrustofa Suðausturlands

Allur réttur áskilinn

Ritstjóri: Kristín Hermannsdóttir.

Texti: Kristín Hermannsdóttir, Snævarr Guðmundsson, Rögnvaldur Ólafsson, Rannveig Ólafsdóttir og Pálína Pálsdóttir.

Ljósmyndir:

Björn Gísli Arnarson (BGA)  
Erling Ólafsson (EÓ)  
Emmanuel Pierre Pagneux (EPP)  
Halldór Walter Stefánsson (HWS)  
Hjördís Skírnisdóttir (HS)  
Kristín Hermannsdóttir (KH)  
Pálína Pálsdóttir (PP)  
Rósa Björk Halldórsdóttir (RBH)  
Snævarr Guðmundsson (SG)  
Skarphéðinn G. Þórisson (SGP)

Forsíðumynd: Breiðamerkurjökull, séð úr Skúmey 29. maí 2017. Ljós. Kristín Hermannsdóttir.

Prentun: GuðjónÓ

Útgefandi: Náttúrustofa Suðausturlands,

Litlubrú 2, 780 Höfn í Hornafirði,

Sími: 470 8060

Útgáfa: Mars 2018

ISSN 2547-6505 (prentuð útg.) og ISSN 2547-6513 (rafræn útg.)

## EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	3
Formáli.....	5
Skýrsla stjórnar .....	7
Um Náttúrustofu .....	8
Starfsmenn .....	9
Myndir úr starfseminni.....	10
Stiklur úr starfsemi – Samfélagið.....	11
Eitt og annað frá árinu 2017.....	13
Stiklur úr starfsemi –Verkefni.....	15
Fjárhagur .....	26
Erindi og kynningar.....	27
Útgáfa, greinargerðir og ráðstefnur .....	29
Ritrýndar greinar .....	29



## FORMÁLI

Árið 2017 var fimmta starfsár Náttúrustofu Suðausturlands. Stofan var sett á laggirnar 2013 og hófust störf um mitt það ár. Verkefni á nýliðnu ári voru fjölmörg og hefur starfsfólkið reynt að skapa Náttúrustofunni sess í samfélaginu. Einnig var lagt kapp á að afla fjárstyrkja fyrir ýmis verkefni svo að starfsemi stofunnar haldi áfram að eflast og starfsmönnum að fjölga.

Þessi ár sem stofan hefur starfað hafa verið lærdómsrík. Stofan hefur sífellt verið að skapa sér meiri festu innan Nýheima og í samfélaginu öllu. Síðustu tvö starfsár hafa verið starfsmenn í hlutastarf í Skaftárhreppi og því er stofan einnig orðið sýnilegri þar.

Verkefnum ársins má skipta í tvo flokka: a) rannsóknarverkefni og önnur gagnaöflun/söfnun og b) kynningar, ráðgjöf og styrkjaumsóknir. Rannsóknarverkefni voru m. a. tengd jöklum, fiðrildum, beitarnandi, gæsum og stjörnum, eða tengt þekkingu og færni starfsmanna náttúrustofu. Kynningar voru þó nokkrar á vegum náttúrustofu: á EGU- ráðstefnu jarðvísindafólks í Vín, erindi fyrir Landsbjörgu, fyrir leiðsögumenn og landverði, við móttöku skólahópa í Nýheimum og á Kirkjubæjarkalustri á ársfundi stofunnar svo nokkur dæmi séu tekin.

Á Náttúrustofunni er unnið að fjölmörgum verkefnum á sviði rannsókna, ráðgjafar og fræðslu og má sjá nánar um flest þeirra í ársskýrslunni hér á eftir.

Hugmyndin að baki stofnun náttúrustofa í hverjum landshluta var að grunni til byggðatengd. Með tilkomu þeirra átti að skapa tækifæri fyrir háskólamenntaða náttúrufræðinga til að starfa nærri viðfangsefnum sínum og styrkja um leið byggð og fjölbreytileika mannlífs. Náttúrustofa Suðausturlands er gott dæmi um vel heppnaða byggðaaðgerð. Þau dæmi sem hér hafa verið nefnd og fjallað er nánar um í eftirfarandi skýrslu, ásamt öðrum verkefnum ársins 2017, sýna að vel er hægt að halda úti metnaðarfullu og öflugum rannsóknastarfi í sjálfstæðum rannsóknæiningum úti á landi. Það er von mín að sú staðreynd blási stjórnvöldum byr í brjóst við að efla náttúrustofur landsins til framtíðar, með því að fela þeim aukin verkefni á vegum ríkisins.

Það er von mín að þeir er skýrsluna lesa verði einhvers vísari um starfsemi Náttúrustofu Suðausturlands á árinu 2016.



Kristín Hermannsdóttir

forstöðumaður, 1. mars 2018



## SKÝRSLA STJÓRNAR

Árið 2017 var fimmta starfsár Náttúrustofu Suðausturlands. Svæði Náttúrustofunnar er mjög víðfemt, nær frá Blautukvísl á Mýrdalssandi allt austur að Hvalnesskriðum. Á þessu svæði er mikil, margvísleg og sérstæð náttúra sem þarf að rannsaka og fylgjast með. Fjárveitingar til Náttúrustofa eru skilgreindar í 10. grein laga nr. 60 frá 1. júní 1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. „Framlag ríkissjóðs takmarkast við laun forstöðumanns og eins er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs taki til stofnkostnaðar vegna húsnæðis, innréttinga, bóka- og tækjakaupa stofunnar eftir því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni, enda liggja fyrir trygging fyrir jafnháu framlagi frá heimaaðilum“. Þótt framlagið nægi þannig aðeins fyrir launum forstöðumanns og kostnaði við hann er Náttúrustofunni ætlað mikið starf. Til þess að geta sinnt þessu stóra svæði þarf því dugmikið og vel menntað starfsfólk og einnig útsjónarsemi við að afla sértekna. Frá stofnun hefur þetta gengið vel og Náttúrustofan styrkst með hverju ári. Á síðasta ári tókst að útvíkka starfsemina til Skaftárhrepps. Stofan hefur nú starfsmann á Kirkjubæjarklaustri, Rannveigu Ólafsdóttur, náttúru- og umhverfisfræðing. Sumarið 2017 var þar einnig sumarstarfsmaður, Pálína Pálsdóttir, nemi í búvísindum. Báðar eru þær heimamenn og fullnægja þar með þeim draumi að náttúrustofur skapi störf í héraði fyrir ungt, menntað heimafólk, styrki þannig byggð og skapi fjölbreyttara samfélag.

Eins og sést í lýsingum síðar í þessari skýrslu hefur starfsemi stofunnar verið af margvíslegu tagi og mótast bæði af þörfum svæðisins og sérþekkingu starfsfólksins. Á Höfn hefur Náttúrustofan tekið mikinn þátt í bæði mannlífi og vísindastarfi. Þar hefur hún m.a. notið þess að geta haft samvinnu við starfsfólk Rannsóknaseturs Háskóla Íslands og Vatnajökulspjóðgarðs. Á Höfn hefur skapast lítið en sterkt rannsóknasamfélag sem hefur sett sitt mark á samfélagið í bænum. Þar með hafa væntingarnar og vonirnar sem eru bundnar við Náttúrustofuna ræst. Aukin starfsemi á Kirkjubæjarklaustri verður vonandi til að svipað gerist þar og á Höfn.

Áhugaverður þáttur í starfsemi Náttúrustofunnar er samstarfið við Fuglaathugunarstöð Suðausturlands. Svæðið er mikilvægt fuglasvæði, hér koma farfuglar fyrst að landi og hér yfirgefa þeir landið. Það er því þýðingarmikið hlutverk fyrir Náttúrustofuna að fylgjast með ferðum farfugla fyrir landsmenn alla. Þessi samvinna við Fuglaathugunarstöðina nær einnig til talninga á fiðrildum. Eins og fleira eiga þær mælingar rætur að rekja til íbúa Kvískerja sem um langan aldur fylgdust með náttúru héraðsins á einstakan hátt. Það er heiður fyrir Náttúrustofuna að fá að taka við verkefnum þessa fólks sem nú er að hverfa héðan.

Fjárhagur Náttúrustofunnar verður að teljast góður. Vel hefur verið haldið um budduna og nokkuð vel hefur tekist við að afla styrkja til rekstursins. Styrkir námu 12% af tekjum og sértekjur 22% árið 2017. Þessar tekjur gera Náttúrustofunni fært að gera mun meira en ella væri hægt.

Árangur af svona starfsemi er fyrst og fremst háður starfsfólkinu. Náttúrustofan hefur verið svo lánsöm að hafa frá byrjun haft hæfileikaríkt og duglegt starfsfólk, sem hefur eins og sjá má í þessari skýrslu, verið áhugasamt bæði um fræðileg störf og að tengjast samfélaginu og leggja því lið. Kristín og Snævarr hafa eins og fyrr flutt fjölmörg erindi og kynningar á árinu, bæði á vettvangi vísinda og almennings. Ég vil fyrir hönd stjórnar Náttúrustofunnar þakka þeim og öðru starfsfólki fyrir gott og árangursríkt starf árið 2017 og einstaklega ánægjulega samvinnu enn sem fyrr.

14. mars 2018

Rögnvaldur Ólafsson, formaður stjórnar

## UM NÁTTÚRUSTOFU

Náttúrustofa Suðausturlands er rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða sem staðsett er á Hornafirði. Hún er ein af átta náttúrustofum sem starfræktar eru á Íslandi og starfar samkvæmt lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Náttúrustofurnar hafa allar sömu lögbundnu hlutverkum að gegna en starfa á mismunandi landssvæðum. Starfssvæði Náttúrustofu Suðausturlands nær frá Mýrdalssandi í vestri (Blautukvísl) og austur í Hvalnesskriður en einnig vinnur stofan að verkefnum sem eru utan þess landsvæðis.

Náttúrustofurnar er aðilar að Samtökum náttúrustofa (SNS), en samtökin eru samstarfsvettvangur þeirra. Samtökunum er ætlað að efla samstarf náttúrustofa og vinna að hagsmunamálum þeirra. SNS hefur staðið fyrir árlegum náttúrustofuþingum sem náttúrustofurnar skiptast á að halda. Árið 2017 var Náttúrustofuþingið haldið á Húsavík.

Að Náttúrustofu Suðausturlands standa Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur. Gerður var samstarfssamningur um reksturinn milli sveitarfélagana þess efnis að Sveitarfélagið Hornafjörður bæri ábyrgð á rekstri náttúrustofunnar árin 2013-2015 og greiddi mótframlag til rekstursins samkvæmt samningi við Umhverfissráðuneytið. En árið 2016 var gerður nýr samstarfssamningur og samkvæmt honum axlar Skaftárhreppur einnig fjárhagslega ábyrgð á rekstri stofunnar frá 1. janúar 2016.

Árið 2017 var náttúrustofan með tvær skrifstofur á Frumkvöðlagangi í Nýheimum, Litlubrú 2 á Höfn í Hornafirði. Í Nýheimum eru einnig Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Hornafjarðarsöfn, Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði, Fræðslunet Suðurlands, Nýheimar þekkingarsetur, Samband sunnlenskra sveitarfélaga og Ríki Vatnajökuls. Á Kirkjubæjarklaustri hefur náttúrustofan haft eina skrifstofu í Kirkjubæjarstofu frá og með september 2016.

Stjórn stofunnar er skipuð þremur mönnum, tveimur skipuðum af Sveitarfélaginu Hornafirði og einum af Skaftárhreppi. Stjórnin er kosin til fjögurra ára í senn og skal kjör stjórnar jafnan fara fram í upphafi nýs kjörtímabils sveitarstjórna. Núverandi stjórn er þannig skipuð; Dr. Rögnvaldur Ólafsson, dósent við eðlisfræðiskor HÍ, stjórnarformaður, Björn Ingi Jónsson bæjarstjóri Hornafirði, meðstjórnandi og Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri Skaftárhrepps. Varamenn eru: Sigurður Sigursveinsson Selfossi (frá vori 2017) í stað Steingerðar Hreinsdóttur, Guðlaug Úlfarsdóttir Hornafirði og Þorbjörg Ása Jónsdóttir Prestbakka, Kirkjubæjarklaustri.

Árið 2017 voru haldnir fjórir stjórnarfundir.

Náttúrustofa heldur úti heimasíðu ([nattsa.is](http://nattsa.is)) og á einnig síðu á Facebook þar sem settar eru inn upplýsingar um verkefni og viðburði. Hönnun á merki og uppsetning á heimasíðunni var í höndum [Dimms.is](http://Dimms.is).



## STARFSMENN

Forstöðumaður er Kristín Hermannsdóttir Cand. Scient í veðurfræði frá Universitetet i Bergen í Noregi. Hennar helstu hlutverk eru daglegur rekstur, fjármálastjórn, uppbygging stofunnar m.a. fjár- og verkefnaöflun. Samhliða því vinnur Kristín að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar.



Sviðsstjóri er Snævarr Guðmundsson, B.Sc. náttúrufræðingur og M.Sc. í jarðfræði frá Háskóla Íslands. Hann annast ýmis verkefni á náttúrustofunni, þ.á m. kortagerð, jöklamælingar, ýmsar jarðfræðirannsóknir og stjörnuathuganir.



Sérfræðingur er Rannveig Ólafsdóttir, B.Sc líffræðingur og M.Sc. í náttúru- og umhverfisfræði frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Hún sér um verkefni sem snýr að hættumati vegna jökulvatna í Skaftárhreppi auk þátttöku í ýmsum öðrum verkefnum Náttúrustofunnar. Rannveig var í fæðingarorlofi stóran hluta ársins 2017.

Sumarið 2017 starfaði Pálína Pálsdóttir hjá stofunni. Hún er nemi í búvísindum á Hvanneyri og vann verkefni sem heitir Bændur græða landið, á vegum Landgræðslunnar. Hún vann einnig að skýrslu um gæsarannsókn 2016.



Eiríka Ösp Arnardóttir nemi í jarðfræði í Háskóla Íslands vann hjá Náttúrustofu um tíma árið 2017. Hún sinnti starfi sínu að mestu í Reykjavík við greiningu á jarðvegi og gróðurleifum.

MYNDIR AF STARFSVETTVANGI



*Fláajökull, 19. febrúar 2017. Ljós. Náttúrustofa Suðausturlands/SG.*



*Þveit, 18. júní 2017. Ljós. Náttúrustofa Suðausturlands/SG.*



*Heinabergsjökull, 3. mars 2017. Ljós. Náttúrustofa Suðausturlands/SG.*

## STIKLUR ÚR STARFSEMI – SAMFÉLAGIÐ

**Sjónarspil á himni – Glitský í upphafi árs**


Árið 2017 hófst með fallegu sjónarspili á himni í Hornafirði. Að kvöldi 2. janúar mynduðu reikistjörnurnar Mars og Venus svonefnda samstöðu með tunglinu. Samstaða er þegar reikistjörnur og tunglið eru nærri hvor annarri, séð frá jörðu. Sama kvöld og samstaðan varð, og morgunin eftir, þann 3. janúar, skreyttu glitský suðausturhiminn. Glitský (nacreous clouds) eru einnig nefnd *perlumóðurský*. Þau myndast í heiðhvolfinu í 15-30 km hæð og við afar kalda aðstæður, -70 til -90°C frost. Litbrigði skýjanna skýrist af því að bylgjulengdir ljóssins brotna undir mismiklu horni. Lesa má nánar um glitský í fróðleiksgreinum Veðurstofu Íslands.



*Glitský yfir Hornafirði, 2. janúar 2017, Ljós. SG.*

**Stjörnuskoðun 2. mars 2017**

Áhugasamir heimsóttu stjörnuhúsið á Markúsarþýfishól þetta kvöld og fræddust örlítið um næturhiminninn. Veðrið varð okkur ekki að liði, eins og vonast hafði verið eftir og of skýjað fyrir meiri háttar uppgötvanir. Samt tókst viðstöddum að finna stjörnumerki og Pólstjörnuna. Auk þess voru reikistjörnurnar Venus og Mars á lofti en skýjafarið veitti einungis tækifæri á að sjá þær lítillega. Þó nokkrir komu, allir höfðu undirbúið sig vel, komu hlýlega klæddir og sumir með eigin handkíki eða stjörnusjónauka í farteskinu.



*Tunglið klifrar á himinn við Klifatind. Ljós. SG, 2016.*

### Sýning á kortum og myndum með jöklum á Höfn í apríl 2017

Náttúrustofa Suðausturlands opnaði sýningu í anddyri ráðhúss Hornafjarðar á kortum og myndum sem sýna jökla og jöklabreytingar. Sýningin var hluti af ráðstefnu Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Höfn,



Náttúrustofu Suðausturlands og Menningar- miðstöðvar Hornafjarðar sem nefndist “Jöklar í bókmenntum, listum og lífinu.” Ráðstefnan var haldin 28.-30. apríl, en sýningarnar í ráðhúsinu, í Svavarsafni og Nýheimum voru opnar fram á haust. Á sýningunni gat að líta nokkrar gerðir af kortum, en einnig nokkrar myndir sem teknar hafa verið á sama stað með margra ára millibili. Þessar myndir sýna þær miklu breytingar sem orðið hafa á jöklum á Suðausturlandi síðustu áratugina og árhundruðin.

*Frá sýningu á kortum og myndum af jöklum í ráðhúsi Hornafjarðar vorið 2017. Ljós. KH*

### Strandhreinsun 16. september 2017

Á degi íslenskrar náttúru tóku starfsmenn náttúrustofu þátt í undirbúningi og strandhreinsun á Breiðamerkursandi ásamt ýmsum stofnunum og fyrirtækjum á svæðinu. Ströndin austanvið Jökulsá á Breiðamerkursandi var gengin og öllu plasti og rusli safnað. Í allt tóku um 50 manns þátt í deginum, sumir með traktora og kerrur, en flestir með strigapoka í hönd og augun vel opin fyrir rusli. Í allt voru gengnir um 11 km og rúmlega 13 tonn af rusli kom úr fjörunni.



*Þrír vaskir drengir í strandhreinsun, með flöskuskeyti, rekavið og plastrul í poka. Ljós. RBH. / Hópurinn sem skipulagði og stóð að strandhreinsun á Breiðamerkursandi. Rósa Björk Halldórsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Helga Árnadóttir, Kristín Vala Prastardóttir, Kristín Hermannsdóttir og Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir. Ljós. SG.*

## EITT OG ANNAÐ FRÁ ÁRINU 2017

Þrír nemendur úr Grunnskóla Hornafjarðar komu í starfskynningu, vorið 2017. Þeir fengu lítilla nasasjón af því hvaða verkefni eru unnin á náttúrustofum og síðan var farið aðeins út í vettvangsferðir, þegar þannig viðraði.



*Ívar Kristinsson nemandi í 10. bekk í starfskynningu hjá Náttúrustofu Suðausturlands. Ljós. KH.*

Árlegur umhverfisdagur Nýheima var 25. apríl 2017. Í dásamlegu veðri tóku nemendur FAS og starfsfólk hússins til hendinni og hreinsuðu umhverfið. Einnig var tækifærið nýtt til þess að sauma nokkra poka fyrir pokastöðina á Höfn. Í hádeginu var sameiginlegt grill með okkar góðu grönnum í Ráðhúsi Hornafjarðar.



*Margnota pokar útbúnir úr gömlum bolum. Hildur Þórsdóttir, Adisa Mesetovic, Kristín Hermannsdóttir og Guðný Svavarsdóttir. Ljós. HS.*

### Erlent samstarf - CLIMATE

**The Collaborative Learning Initiative Managing and Adapting to the Environment – C.L.I.M.A.T.E.** er 3ja ára verkefni sem styrkt er af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins NPA (Northern Periphery and Arctic Programme). Náttúrustofa Suðausturlands og Vatnajökulsþjóðgarður (suðursvæði) eru samstarfsaðilar að verkefninu sem gengur meðal annars út á að aðstoða sveitarfélög og samfélög við að búa sig undir áhrif loftslagsbreytinga. Aðilar að verkefninu koma frá Norður-Írlandi, Bretlandi, Svíþjóð, Færeyjum, Noregi og Finnlandi og verður haldinn fundur á Íslandi árið 2019.



*Hópmynd af CLIMATE aðilum á fyrsta fundi verkefnisins í Glasgow í júní 2017.*

### Hálfván Björnsson (1927—2017) frá Kvískerjum

Þann 10. febrúar 2017 lést Hálfván Björnsson frá Kvískerjum í Öræfasveit, á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Skjólgarði á Höfn í Hornafirði. Hálfván var eins og fjölmörg systkina hans alþýðuvísindamaður sem menntuðu sig sjálf og hlutu af mikla virðingu fyrir þekkingu sína. Ásamt því að stunda búskap sinnu þau ýmsum náttúrurannsóknum. Hálfván ritaði fjölda vísindagreina um plöntur, skordýr og fugla og átti nána samvinnu við fjölda vísindamanna í þeim greinum. Árið 1995 hóf Hálfván vöktun á fiðrildum og sinnti þeim í 15 ár. Náttúrustofa Suðausturlands ásamt Fuglaathugunarstöð Suðausturlands tóku að sér þessa vöktun af Hálfváni, þegar umsjá á fiðrildragildrum hans voru teknar yfir.

*Hálfván Björnsson við tendrun á fiðrildagildru í Einarsslundi vorið 2015. Ljós. KH.*



### Gísli Arason (1917-2017)

Þann 21. júlí 2017 lést Gísli Arason á Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði á Höfn í Hornafirði. Gísli var fyrrum safnavörður með meiru á Byggðasafni Austur- Skaftafellssýslu og fróður um marga hluti. Hann hafði frá mörgu að segja og naut starfsfólk Náttúrustofu Suðausturlands þess m.a. að fara með honum að Fláajökli og fræðast um stöðu jökulsporðsins árið 1937, en þá var varnargarður byggður til að hemja Hólmsá.

*Gísli Arason fór á 99. aldursári með starfsmönnum Náttúrustofu og sýndi þeim hvar sporður Fláajökuls náði á fjórða áratug 20. aldar. Ljós. SG.*



## STIKLUR ÚR STARFSEMI –VERKEFNI

### Skriðjökklar í Öræfum og Mýrum

Náttúrustofa Suðausturlands hefur frá árinu 2013 annast sporðamælingar á skriðjökklum í Öræfajökli, verki sem Kvískerjabræður sinntu um langt skeið. Jöklarnir eru Kvíárjökull, Hrutárjökull, Fjallsjökull og Breiðamerkurjökull vestan Jökulsárlóns. Veturinn 2015 tók stofan síðan við keflinu af Fjölni Torfasyni á Hala við sporðamælingu Breiðamerkurjökuls austan Jökulsár. Mælingar styðjast bæði við vettvangsferðir og gervitunglagögn.



*Breiðamerkurjökull, 1. september 2017. Ljós. Náttúrustofa Suðausturlands/SG.*

### Hoffellsjökull – landlíkan 2017

Náttúrustofan tekur þátt í verkefni með Veðurstofu Íslands sem gengur út á að búa til landlíkan af sporði Hoffellsjökuls og lónstæði hans, til að meta jöklabreytingar. Til þess er notaður m. a. TLS lasermælir á landi og LiDAR gögn sem hafa verið tekin úr lofti eða með gervitunglum.



*Tómas Jóhannesson hjá Veðurstofu Íslands undirbýr TLS lasermælinn, uppi á öldunni framan við Hoffellsjökul. Ljós. SG.*

### Sporðamælingar með FAS


Náttúrustofa Suðausturlands hefur fylgst með sporðamælingum Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu (FAS) á Heinabergsjökli, frá árinu 2013. Tekið var upp samstarf um að mæla breytingar á vestanverðum Fláajökli og nýta þau gögn til að kynna nemendum landupplýsingakerfi til úrvinnslu. Á hinn bóginn nýtast sömu upplýsingar einnig til að fylgjast með framvindu jökulhopsins á jöklinum.

Haustið 2017 var farið með FAS að Fláajökli þar sem mælt var á jökulsporðinn með þríhyrningamælingum frá ákvörðuðum GPS punktum. Aðstæður hafa talsvert breyst við jaðarinn frá hausti 2016. Ekki var hægt að komast að jöklinum vegna þess að lón og jökulá hindra leið.



Nemendur FAS við jökulsporð Fláajökuls 16. október 2017. Ljós. KH.

### Kvískerjajöklar – veggspjald á EGU



Árið 2016 var lögð talsverð áhersla á lítt rannsakaða jökla ofan við bæinn Kvísker í Öraefum. Þeir eru smájökklar sem hvíla í brattlendi og eru sporðar þeirra talsvert hærra uppi samanborið við nálæga jökla. Af þeirri ástæðu er framvinda hörfunar svolitíð frábrugðin stærri jöklunum.

Niðurstöður verkefnisins, sem er styrkt af Vinum Vatnajökuls og Kvískerjasjóði, voru kynntar á ráðstefnu European Geophysical Union (EGU) í Vín í Austuríki vorið 2017.





Skúmur í Skúmey í samskiptum við Guðrúnu Óskarsdóttur á Náttúrustofu Austurlands. Ljós. SGP.

### Skúmey – vettvangsferðir og rannsókn

Verkefnið um Skúmey er samstarfsverkefni. Það er unnið á vegum Náttúrustofu Suðausturlands, Náttúrustofu Austurlands, Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands og Vatnajökulsþjóðgarðs. Það snýr að rannsóknum á landi og lífi í eyjunni. Farnar voru fjórar vettvangsferðir í eyjuna, fyrst í lok maí og síðast í byrjun september. Eyjan var kortlögð og jarðmenjar skráðar, en einnig voru öll helsingjahreiður talin og annað fuglalíf skoðað, ásamt því að rannsaka plöntur og skordýr innan ákveðinna reita. Skýrsla um verkefnið kemur út árið 2018.

### Í slóð sporðamælingamanna

Í samvinnu við Þórbergssetur og Fjölni Torfason á Hala, réðst starfsmaður Náttúrustofu í að rekja gamlar mælingavörður á Breiðamerkursandi. Þessar vörður mörkuðu hop Breiðmerkurjökuls fyrir miðja 20. öld. Þær eru flestallar fallnar og ummerkin illgreinanleg. Þarna reyndist reynsla og þekking Fjölnis á staðhátum ómetanleg. Þetta er verkefni sem er enn í vinnslu.

Skráningarplata með mælinganiðurstöðum Þorsteins Guðmundssonar frá Reynivöllum. Ljós. SG.



## Fornir trjálurkar við Breiðamerkurjökul

Fornir trjádrambar komu nýverið undan Breiðamerkurjökli og hafa verið aldursgreindir. Reyndust þeir vera rúmlega 3000 ára gamlir. Telja má að þeir séu vitnisburður um skóg sem hvarf þegar kólnaði á Íslandi á



svipuðum tíma. Fyrri trjádramburinn fannst á Breiðamerkursandi haustið 2017 og í leiðangri til að sækja hann fannst annar enn stærri. Sá minni var tekinn til rannsóknar en sá stærri verður sóttur næsta vor, en sýni var tekið úr honum til aldursgreiningar. Ummerki á fundarstaðnum og setlögin umhverfis lurkinn benda til þess að það hafi verið jökullinn sem ruddi skóginum í burtu. Drambararnir verða forvarðir á Þjóðminjasafninu og eftir það verða þeir væntanlega sýningargripur.

*Annar dramburinn við Breiðamerkurjökul haustið 2017. Ljós. SG.*

## Samstarf við Fuglaathugunarstöð Suðausturlands



Í haust fengum við heimsókn frá fjórum fuglaáhuga- og merkingamönnum í fuglaathugunarstöð í Ungverjalandi. Fengu þau kynningu á starfsemi Nýheima, Náttúrustofu Suðausturlands, Háskólaseturs á Hornafirði og Vatnajökulspjóðgarðs. Einnig fóru starfsmenn Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands með Ungverjana í fuglaskoðun í Einarlund, austur á Djúpavog og víðar í A-Skaftafellssýslu.

*Þorvarður Árnason, Brynjúlfur Brynjólfsson, Björn Gísli Arnarson, Kristín Hermannsdóttir og fjórir Ungverjar í heimsókn á Höfn í lok september 2017.*

## Ráðstefnan IBOC 2017 í Bandaríkjunum

Í lok október fóru starfsmenn stofunnar ásamt tveimur starfsmönnum frá Fuglaathugunarstöð Suðausturlands á aðra alþjólegu ráðstefnu fuglaathugunarstöðva IBOC 2017 á Cape May í New Jersey í Bandaríkjunum. Þessar ráðstefnur eru haldnar til þess að auka samvinnu milli fuglaathugunarstöðva í heiminum.



*Fuglaathuganir í New Jersey í október 2017. Á myndinni eru Brynjúlfur Brynjólfsson, Björn Gísli Arnarson og Kristín Hermannsdóttir. Ljós. SG.*

*Fuglar á flugi í New Jersey í október 2017. Ljós. KH.*



### **Fuglatalningar vegna Byggðalínu – Austurlínu**

Fuglaathugunarstöð Suðausturlands taldi fugla fyrir Náttúrustofu Norðausturlands á Suðausturlandi, í samvinnu við Náttúrustofu Suðausturlands. Verkefnið var að telja fugla á raflínuleið fyrir Landsnet vegna fyrirhugaðrar lagningar nýrrar byggðalínu frá Sigöldu að tengivirki í Fljótsdal, fyrir sunnan Vatnajökul. Voru fuglar taldir í ákveðnum punktum á varptíma frá tengivirki við Hóla í Nesjum að Svínhólum í Lóni. Einnig voru taldar gæsir, álfir og aðrir vatnafuglar frá tengivirki í Nesjum og inn í Hamarsdal í Hamarfirði. Farið var tvisvar sinnum yfir svæðin og niðurstöðum skilað til Náttúrustofu Norðurausturlands.

### **Umhverfismat í landi Svínhóla í Lóni**

Starfsmenn Náttúrustofu Suðausturlands unnu mat á náttúru og umhverfi í landi Svínhóla í Lóni vegna fyrirhugaðrar hótélbyggingar þar. Farnar voru vettvangsverðir og útbúið minnisblað um náttúrufar svæðisins og skilað til Verkfræðistofunnar Mannvits. Einnig fór starfsmaður Fuglaathugunarstöðvar í vettvangsferð og framkvæmdi punktatalningu og gerði athugun á varpfuglum.

*Svínhólar í Lóni. Ljós. Náttúrustofa Suðausturlands/SG.*



## Samvinna við Vatnajökulsþjóðgarð



*Hoffellsjökull er í Vatnajökulsþjóðgarði. Ljós. Náttúrustofa Suðausturlands/SG.*

## Skilti um lokaða vegi á Breiðamerkursandi




Náttúrustofa tók þátt í með landvörðum í Vatnajökulsþjóðgarði að loka nokkrum óþarfa slóðum á Breiðamerkursandi og girða fyrir utanvegaslóða. Utanvegaakstur skilur eftir mikinn lýti í landinu, er óþarfur og illskiljanlegur.

*Mynd sem sýnir slóða á Breiðamerkursandi. Ljós. Náttúrustofa Suðausturlands/SG.*

## Lifandi kennslustofa/Kvikir jöklar – gönguleiðir og bók/bæklingur

Náttúrustofan hefur tekið þátt í verkefni með Veðurstofu Íslands og Vatnajökulspjóðgarði sem er nefnt „Kvikir jöklar“. Markmiðið er að auka vitund fólks um afleiðingar loftslagsbreytinga sem nú eiga sér stað. Hér sjást þær einna best á því hve jöklar hafa hopað en áhrif þeirra ná einnig til landslags og lífríkisins. Sumarið 2017 voru valdar álitlegar gönguleiðir og staðir þar sem jöklabreytingar sjást mjög glögglega. Vettvangsferðir voru farnar og leiðirnar skráðar. Munu þær verða birtar í skýrslu snemma árs 2018.



## Skerin á Jökulsárlóni – frá Breiðamerkurjökli

Eftir aldamót hafa nokkur smásker komið í ljós í Jökulsárlóni vegna hops Breiðamerkurjökuls. Fyrst varð eyjan Skúmey jökullaus árið 2000 og annað smásker, nokkru norðar, um 2007. Á árunum 2014–2017 birtist skerjaklasi austan undan Esjufjallarönd. Skerin eru öll mynduð úr djúpbergi. Í vettvangsferð í september 2017 sást á enn fleiri sker sem munu koma undan jöklinum á allra næstu árum




*Sker á Jökulsárlóni. Ljós. Náttúrustofa Suðausturlands/SG.*

## Skógarmítlar

Vorið 2017 fundust nokkrir skógarmítlar á Höfn í Hornafirði. Skógarmítill er blóðsuga sem sest á fugla, ketti, hunda og menn, en talið er að þeir berist til landsins með fuglum. Þetta er ekki fyrsta skipti sem skógarmítill finnst á Íslandi en hann er þó fágætur ennþá.

*Mítill sem fannst á ketti á Höfn fyrstu vikuna í maí 2017. Hérna kominn í varðveislu Náttúrustofu Suðausturlands. Ljós. KH.*



## Gróðurreitanna á Skeiðarársandi vitjað



Eins og undanfarin haust tók Náttúrustofa Suðausturlands þátt í vettvangsferð FAS á Skeiðarársand að fylgjast með ástandi gróðurs í fimm reitum. Í reitunum eru birki- og víðiþlöntur auk lággróðurs og mælt er árlega og breytingar bornar saman við fyrri gögn. Oft hafa breytingar verið meiri á milli ára en núna. Töluvert var þó um nýjar plöntur í reitunum og einnig var mikið um krækiber, bæði stór og safarík. Stærsta birkitréð innan mælireitanna þetta árið var 181 cm á hæð, en nokkur tré voru einnig mæld utan reita. Þau hæstu mældust 2,90 m.

*Hópur frá FAS við einn gróðurreitanna á Skeiðarársandi 28. ágúst. Ljós. KH, 2017.*

## Fiðrildavöktun

Sumarið 2017 voru þrjár fiðrildagildir í gangi á vegum náttúrustofu í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Tvær gildir í Einarsslundi við Hornafjörð og ein í Mörtungu í Skaftárhreppi. Þann 17. apríl var kveikt á gildrunum og fyrstu fiðrildin komu í gildrunar í byrjun maí en flest veiddust síðari hluta ágústmánaðar. Umsjón með gildrunum er í höndum Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands.



*Tígulvefari – algengasta fiðrildið á Höfn sumarið 2017. Ljós. BGA.*



*Jarðygla – algengasta fiðrildið í Mörtungu sumarið 2017. Ljós. EÓ.*

## Gæsarannsókn- uppskerutap 2017

Fjórða árið í röð var unnið að verkefnið sem snýr að því að áætla uppskerutap vegna ágangs gæsa í ræktarlönd á Suðausturlandi. Verkefnið var unnið í samstarfi við Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, Búnaðarsamband Suðurlands og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Settir voru út friðaðir reitir á 5 tún og viðmiðunarreitir sem fuglar komust að. Einnig voru fuglar taldir nokkrum sinnum á sömu tünnum um vorið. Niðurstöður fyrir árið 2017 sýndu uppskerumismun, að meðaltali um 27% minni þar sem fuglarnir bitu túnin.



*Tilraunabúr á túni sumarið 2017. Ljós. KH.*

## Bændur græða landið- samstarf við Landgræðsluna

*Bændur græða landið* er samvinnuverkefni Landgræðslunnar og bænda um uppgræðslu heimalanda. Tilgangur þess er að styrkja bændur til landgræðslu á jörðum sínum, stöðva rof, þekja land gróðri og gera það nothæft á ný til landbúnaðar eða annarra nota. Landgræðsla ríkisins hefur umsjón með verkefninu, veitir ráðgjöf, styrkir áburðarkaup og lætur bændur hafa fræ þar sem þess er þörf, að mati starfsmanna Landgræðslunnar. Bændur sjá um að panta og flytja áburðinn og dreifa og endurgreiðir Landgræðslan hluta áburðarverðsins þegar dreifingu er lokið.



*Uppgræðslusvæði á Grund í Meðallandi. Ljós. PP. 12. júní 2017.*

Sumarið 2017 réð Náttúrustofa Suðausturlands sumarstarfsmann sem hefur aðsetur á Kirkjubæjarklaustri. Meðal verka var að sinna verkefninu *Bændur græða landið* í samstarfi með Landgræðslu ríkisins. Í því fólst að heimsækja bændur í sveitarfélögum Skaftárhreppi og Hornafirði. Þeir dreifast frá Mýrdalssandi og austur í Lón. Alls taka 38 bændur þátt í verkefninu, 29 í Skaftárhreppi og 9 í Hornafirði. Verkefnið stóð yfir frá júní – ágúst 2017. Í heimsóknum var gerð úttekt á starfi þeirra og fór starfsmaðurinn með að skoða heimalandsuppgræðsluna. Veitt var ráðgjöf varðandi áburðardreifingu og áætlun næsta árs var yfirfarin. Að áburðardreifingu lokinni voru öll gögn send til Landgræðslu ríkisins með undirskrift bænda og starfsmanni landgræðslunnar um að verkinu væri lokið ásamt samþyktri áætlun fyrir næsta ár.

## Stjörnuathuganir



Meðal verkefna sem sinnt hefur verið yfir veturna er vöktun á breytistjörnum. Mælingar á breytilegum birtustyrk myrkva-tvístirna (ein gerð breytistjarna) eru bornar saman við reiknaða spátíma til að leita að lotubundnu tímafráviki. Slíkar mælingar eru einnig gerðar á þvergöngum fjarreiki-stjarna. Tilgangurinn er meðal annars að leita merkja um aðrar reikistjörnur eða daufar sólstjörnur sem ekki koma fram í beinum athugunum en hafa engu að síður þyngdaráhrif í umræddum stjörnukerfum. Mælingarnar krefjast fastrar

aðstöðu og á Höfn reist stjörnustöð sem komst í gagnið í febrúar 2014. Haustið 2017 var önnur stjörnustöð reist en sú hýsir stærri sjónauka. Gögnin eru m. a. send í opið gagnasafn í Tékklandi þar sem þau nýtast vísindasamfélaginu og á sama máta eru mæligögn þaðan nýtt í rannsóknir hér.

## Helsingjamerkingar á Breiðamerkursandi




*Helsingjarnir komnir í net og bíða merkinga. Ljós. HWS, 2017. / Björn Gísli Arnarson og Hrafnhildur Ævarsdóttir með sinn hvorn helsingjann. Ljós. KH, 2017.*

Starfsmenn Náttúrustofu Suðausturlands, Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands, Vatnajökulspjóðgarðs ásamt fleirum merktu helsingja á Breiðamerkursandi í lok júlí. Verkefnið er hluti af stærra fuglamerkingaverkefni á vegum Arnórs Sigfússonar, dýravistfræðings hjá Verkís, fuglafræðinga hjá Wildfowl & Wetlands í Bretlandi og Halldórs Walters Stefánssonar á Náttúrustofu Austurlands. Eru merkingarnar m. a. liður í því að fylgjast með hátterni fuglanna og ferðum þeirra. Fuglunum var smalað í net og háfa. Því næst voru þeir kyngreindir og merktir. Voru 41 helsingi merktir með númeruðu álmerki á öðrum fæti og lituðu bókstafsmerki á hinum. Þegar allir fuglarnir höfðu fengið merki var þeim sleppt á ný.




## Hættumat vegna Skaftárhlaupa



Starfsmaður náttúrustofu með aðsetur á Kirkjubæjarklaustri starfar að gerð hættumats vegna Skaftárhlaupa í samstarfi við Veðurstofu Íslands (VÍ), sem hefur umsjón og ábyrgð með þeirri vinnu. Niðurstöður hættumatsins eru nýttkomnar út í tveimur skýrslum, fleiri eru enn í vinnslu, og eru aðgengilegar á heimasíðu Veðurstofunnar [vedur.is](http://vedur.is). Á fyrri hluta síðasta árs var send út spurningakönnun til íbúa Skaftárhrepps þar sem viðhorf þeirra til hlaupsins í Skaftá árið 2015 var kannað og leitað áhlits þeirra á að hverju þyrfti að gæta og bæta mætti úr þegar slíkt hlaup ber að garði. Aðeins var um 8% svörun íbúa og niðurstöður því ómarktækar.


Mynd tekin af sérfræðingum VÍ 2-3. október 2015. EPP. 2016.




Fláajökull, séður yfir Miðfell. Ljós. Náttúrustofa suðausturlands/SG, 11. júlí 2017.

## FJÁRHAGUR

Deloitte ehf Hornafirði annast bókhalds- og launavinnslu auk endurskoðunar, reikningsskil og skattskil fyrir Náttúrustofu Suðausturlands. Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2017 námu heildarrekstrartekjur um 42 millj. króna. Afkoma af rekstri Náttúrustofunnar var jákvæð um 6,5 millj. króna og var sú upphæð færð til hækkunar á eigin fé stofunnar. Þess ber að geta að styrkir úr verkefnasjóðum námu um 4,9 millj. króna. Samkvæmt efnahagsreikning námu eignir Náttúrustofunnar 29,8 millj. króna og bókfært eigið fé var 26,9 millj. króna. Nánari upplýsingar um fjárhag stofunnar má finna í ársreikningi hennar.



*Hlutfallsleg skipting tekna Náttúrustofu Suðausturlands 2017.*



*Hlutfallsleg skipting útgjalda Náttúrustofu Suðausturlands 2017.*

## ERINDI OG KYNNINGAR

**10. janúar** Snævarr Guðmundsson var með kynningu um Álaugareyjarkletta og jarðfræði þar í kring á fundi Umhverfisnefndar.

**16. febrúar** Kristín Hermannsdóttir var með erindi um veðurspár fyrir nemendur í FAS, í tíma með Hjördísi Skírnisdóttur náttúrufræðikennara.

**18. febrúar** Snævarr Guðmundsson. *Sprungusvæðakort og vá af völdum Örafajökuls*. Erindi fyrir Landsbjörgu á námskeiði þeirra í Nesjum, Hornafirði.

**29. mars** Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands. Haldinn á Klaustri. Kristín Hermannsdóttir fór yfir reikninga ársins 2016 og var með erindi um helstu störf stofunnar 2016 og verkáætlun 2017. Var einnig með kynningu á verkefninu „*Hættumat vegna jökulvatna í Skaftárhreppi*“ - sem Rannveig Ólafsdóttir vinnur að.

**29. mars** Snævarr Guðmundsson með tvö erindi á ársfundi Náttúrustofu Suðausturlands. *Stærsti sjónauki til stjörnurannsókna á Íslandi settur upp á Hornafirði og Kvískerjajöklar – Jöklabreytingar í ljósi gamalla ritheimilda og vitnisburðar Kvískerjabræðra*.

**6. apríl** Snævarr Guðmundsson var með erindi á ársfundi Samtaka Náttúrustofa (SNS) á Húsavík. *Stærsti sjónauki til stjörnurannsókna á Íslandi settur upp á Hornafirði*.

**7. apríl** Kristín Hermannsdóttir með skýrslu stjórnar SNS á ársfundi á Húsavík. Farið yfir helstu störf SNS frá síðasta ársfundi til áramóta 2016/17, en hún var formaður í SNS árið 2016. Einnig var hún gjaldkeri og fór yfir ársreikninga SNS.

**28.-29. apríl** Kristín Hermannsdóttir. Þátttaka í ráðstefnu um jökla í bókmenntum, listum og lífinu á vegum Háskólaseturs á Hornafirði. Sýning á myndum sem sýna hop jökla og kort sem sýna jökla.

**2. maí** Kristín Hermannsdóttir var með erindi fyrir nemendur í Jafnréttisskóla Sameinuðupjóðanna í Nýheimum. *Climate changes and their influence*.

**8. maí** Kristín Hermannsdóttir með erindi fyrir nemendur úr University of British Columbia, haldið í Nýheimum. *Climate changes and their influence*.

**8. maí** Snævarr Guðmundsson með erindi fyrir nemendur úr University of British Columbia, haldið í Nýheimum. *Glacier changes as responses of climate changes*.

**7. júní** Snævarr Guðmundsson með erindi fyrir nemendur frá Minnesota, haldið í Nýheimum á vegum Þorvarðar Árnasonar á Háskólasetri. *Glacier changes as responses of climate changes*.

**12. júní** Snævarr Guðmundsson með erindi fyrir starfsfólk hjá Glacier Adventures um *Breiðamerkurjökul og Breiðamerkursand*.

**13. júní** Kristín Hermannsdóttir með kynningu á skýrslu um ástand gróðurlendis í Endalausadal í Lóni 2015 fyrir umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

**29. júní** Snævarr Guðmundsson hélt erindi fyrir Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna: *Glacier changes as responses of climate changes*. Í Nýheimum.

**10. júlí** Snævarr Guðmundsson með erindi fyrir starfsfólk Ice Guides um *Mýrajökla, Breiðamerkurjökul og Vestrahorn*.

**1. ágúst** Snævarr Guðmundsson með erindi fyrir starfsmenn Vatnajökulspjóðgarðs sem starfa við Jökulsárlón um *jökulinn og breytingar á honum*. Haldið í Nýheimum.

**28. ágúst** Kristín Hermannsdóttir og Jóhann Helgi Stefánsson með kynningu á skýrslu um ástand gróðurlendis í Endalausadal í Lóni 2015 fyrir atvinnumálanefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

**19. september** Kristín Hermannsdóttir kynnti rannsókn sem fór fram sumarið 2017 í Skúmeý. Erindið var fyrir hóp nemenda í Umhverfis og auðlindafræði í Háskóla Íslands og var á Höfn á vegum Þorvarðar Árnasonar.

**30. september** Kristín Hermannsdóttir með erindi fyrir gesti frá Ungverjalandi, á Höfn. Erindið: Climate changes and their influence. Einnig kynnti hún helstu störf náttúrustofu.

**6. október** Kristín Hermannsdóttir kynnti rannsókn í Skúmeý á hádegisfundi um Uppbyggingarsjóð Suðurlands á vegum SASS í Nýheimum.

**11. október** Snævarr Guðmundsson, í símaerindi um jökla, eldfjöll og fjarreikistjörnur, við hlustendahóp í NSW Ástralíu.

**7. nóvember** Kristín Hermannsdóttir með kynningu á skýrslu um ástand gróðurlendis í Endalausadal í Lóni 2015 á almennum bænda fundi í Holti á Mýrum. Á sama fundi kynnti hún skýrslur um mælingar á uppskerutapi vegna gæsa 2014-2017.

## ÚTGÁFA, GREINARGERÐIR OG RÁÐSTEFNUR

Soffía Auður Birgisdóttir & Snævarr Guðmundsson (2017). *Stjörnuhlópurinn Þórbergur Þórðarson*. Andvari 2017.

Kristín Hermannsdóttir, Pálína Pálsdóttir og Snævarr Guðmundsson (2017). *Uppskerutap í ræktarlöndum í Austur-Skaftafellssýslu vegna ágangs gæsa, árið 2016*. Náttúrustofa Suðausturlands, Október 2017. 28 bls.

Jóhann Helgi Stefánsson, Kristín Hermannsdóttir og Snævarr Guðmundsson (2017). *Ástandsmat á gróðurlendi í Endalausadal í Lóni 2015*. Náttúrustofa Suðausturlands, maí 2017. 30 bls.

Juryšek, J., Hoňková, K., Šmelcer, L., Mašek, M., Lehký, M., Bílek, F., Mazanec, J., Hanžl, D., Magris, M., Nosál, P., ..., Gudmundsson, S., ... et al. (2017). B.R.N.O. Contributions #40 Times of minima. *Open European Journal on Variable Stars*. March 2017. Vefslóð: <http://var.astro.cz/oejv>

Snævarr Guðmundsson & Helgi Björnsson (2016). Changes of the flow pattern of Breiðamerkurjökull reflected by bending of the Esjufjallarönd medial moraine. *Jökull* No 66, 2016. Bls. 95-100.

Kristín Hermannsdóttir, Snævarr Guðmundsson, Rögnvaldur Ólafsson & Rannveig Ólafsdóttir (2017). *Ársskýrsla 2016*. Útg. af Náttúrustofu Suðausturlands, mars 2017.

23.-28. apríl kynnti Snævarr Guðmundsson veggspjald á jarðfræði ráðstefnu (EGU) í Vín um breytingar Kvískerjajökla á 20. öld.

5.-9. júní tók Kristín Hermannsdóttir þátt í ráðstefnu og fundi í Glasgow vegna verkefnis sem kallast C.L.I.M.A.T.E. ásamt Helgu Árnadóttur í Vatnajökulsþjóðgarði. Eru þær fulltrúar Íslands í verkefninu.

19.-23. júní tók Kristín Hermannsdóttir þátt í ráðstefnu um fjallaveðurfræði í Reykjavík. I.C.A.M.

26.-30. október tóku Kristín Hermannsdóttir og Snævarr Guðmundsson þátt í fuglaráðstefnu á Cape May í USA ásamt Brynjúlfri Brynjólfssyni og Birni Gísla Arnarsyni hjá Fuglaathugunarstöð Suðausturlands. IBOC 2017.

## RITRÝNDAR GREINAR

Snævarr Guðmundsson, H. Björnsson & F. Pálsson (2017): Changes of Breiðamerkurjökull glacier, SE-Iceland, from its late nineteenth century maximum to the present, *Geografiska Annaler: Series A, Physical Geography*. Vefslóð: <http://www.tandfonline.com/loi/tgaa20>.

Snævarr Guðmundsson (2016). 61 Cygni – Fjarlægð fastastjörnu mæld frá Íslandi. *Náttúrufræðingurinn* 86. árg. 3-4 hefti. Bls. 136-143.



NÁTTÚRUSTOFA  
SUÐAUSTURLANDS

### Skrifstofa

Litlubru 2

780 Höfn í Hornafirði

Sími: 470 8060 / 470 8061

Heimasíða: [www.nattsa.is](http://www.nattsa.is)

Netfang: [info@nattsa.is](mailto:info@nattsa.is)